að þartil fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland veitt eptirgjöf á leigum og 44
frestur á greiðslu afborgana til ársloka 1887 af hallærisláni því, að upphæð 6000 kr., 14. marz.
er tjeð sýsla fjekk úr landssjóði 30. sept. 1884, móti því að frá þeim tíma greiðist af láni þessu 4% í árlega vexti og að 1/8 hluti þess endurborgist síðan á ári hverju.

Ágrip af brjefi landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um eptirgjöf vaxta af hallærisláni.** — Með brjefi þessu var Mýrasýslu sam- 45
kvæmt 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 og að þartil fengnum myndugleika 14. marz.
frá ráðgjafanum fyrir Ísland veitt eptirgjöf á leigum fyrir árið 1886 af láni því, að upphæð 3200 kr., er nefnd sýsla fjekk úr landssjóði til fjenaðarkaupa árið 1884.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um niðurlagningu þurrabúða tilheyrandi þjóðjörð.** — Með þóknanlegu brjefi 14. þ. m. 46
hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað ásamt ummælum umboðsmanns Arnarstapa- og 23. marz.
Skógarstrandarumboðs erindi Tómasar bónda Eggertssonar á Ingjaldshóli þarsem þess er farið á leit að leyft verði að 5 þurrabúðir tilheyrandi umboðsjörðunni Hallsbæ megi á næsta vori leggja niður og selja við opinbert uppboð, og hafið þjer jafnframt lagt það til, að samþykkt verði að nefndar 5 þurrabúðir verði lagðar niður nú í vor, eptir að lögleg úttekt á þeim hefir farið fram og viðirnir og annað fjemætt úr þeim verði selt við opinbert uppboð, en að viðkomandi umboðsmaður gjöri grein fyrir uppboðsandvirðinu og álagi því, er gjört kann að verða við úttekt þurrabúðanna, í næsta umboðsreikningi sínum.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg hjermeð fellst á að nefndar 5 þurrabúðir verði lagðar niður á komandi vori með þeim skilyrðum, sem þjer hafið stungið uppá og að framan er ávikið.

Ágrip af brjefi landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um eptirgjöf á leigum og frest á greiðslu afborgana af hallærisláni.** — Með brjefi 47
þessu var Húnavatnssýslu samkvæmt 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 og að 24. marz.
þartil fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland veitt eptirgjöf á leigum og frestur á greiðslu afborgana til ársloka 1887 af hallærisláni því, að upphæð 900 kr., er tjeð sýsla fjekk úr landssjóði árið 1884, móti því að frá þeim tíma greiðist af láni þessu 4% í árlega vexti og að 1/8 hluti þess engurborgist síðan á ári hverju.

Brjef landshöfðingja *til biskupsins yfir Íslandi* **um bráðabirgðauppbót handa fátækum brauðum.** — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu 48
brjefi, dags. 26. þ. m., vil jeg hjermeð fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af 31. marz.
fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887, veitt bráðabirgðauppbót sú fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir:

1.	Staður í Grindavík	300 kr.
2.	Staður í Aðalvík	600 —
	Flyt	900 kr.